

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hlíðarfjalls, skíðasvæðis við Akureyri.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 3. október 2017 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hlíðarfjall, skíðasvæðis við Akureyri, vegna færslu á skíðalyftu.

Breytingin felur m.a. í sér að byggingarreit fyrir skíðalyftu er hliðrað til norðurs. Lega þjónustuvega og skíðaleiða hliðrast einnig vegna færslu lyftunnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. október 2017,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2017